



Sumarstörf í Straumsvík

Við leitum að fólki í sumarstörf á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.

Starfsmenn óskast á eftirtalda vinnustaði:

Mötuneyti. Meðal annars er leitað eftir matreiðslumanni.

Ker- og steypuskáli. Aðallega er unnið á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en þeir hefja störf, hafi þeir ekki réttindi.

Skautsmiðja. Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

Hafnarvinna. Unnið er í dagvinnu og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði og standast lyftarapróf, hafi þeir ekki réttindi.

Öryggisvarsla. Unnið er á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði.

Rannsóknarstofa. Unnið er á tvískiptum vöktum.

Birgðahald og innkaup. Unnið er í dagvinnu og starfsmenn þurfa að skila inn hreinu sakavottorði.

Efnisvinnsla. Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en þeir hefja störf, hafi þeir ekki réttindi.

Verkstæði. Unnið er í dagvinnu og krafist er iðnréttinda.

Ýmsir aðrir vinnustaðir. Á flestum vinnusvæðum Rio Tinto Alcan eru dagvinna og vaktavinna í boði.

Allt nýtt starfsfólk:

- » Þarf að vera orðið 18 ára eða verða það á árinu.
- » Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf áður en það hefur störf.

Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og er markviss þjálfun í upphafi starfstíma.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um á vefsvæði okkar riotintoalcan.is þar sem er að finna nánari upplýsingar um störf.

Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2015

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrrtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.